



## FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

4. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 3. september 2019 kl. 20,30 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var nefndin öll þau Árni Eiríksson, Eypór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Gestir fundarins voru Grímur Jónsson verktaki og Samúel Smári Hreggviðsson byggingatæknifræðingur. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Verkstaða. Farið var yfir verkstöðu. Vegna sumarleyfa hefur hægst á framkvæmdum en þær eru komnar á fullan skrið aftur. Til stendur að setja upp milliveggi og nýjar iðnaðarhurðir eru komnar á staðinn. Leitað er til undirverktaka um ýmsa verkþætti. Stefnt er að því að verklok á þessum fyrsta áfanga verði 1. nóvember þegar samningur um leigu Þjóðminjasafns Íslands um nyrðri hluta skemmunnar tekur gildi. Grímur ræddi framkvæmdirnar sem ganga vel og ekkert óvænt komið uppá.

2. Rýmisnýting Búðarstígs 22. Samúel Smári Hreggviðsson kynnti fyrstu hugmyndir að rýmisnýtingu alls hússins að Búðarstíg 22 sem unnið var að fyrirsögn safnstjóra. Teikningar voru skoðaðar og ræddar. Stefnt að því að leggja fram á Héraðsnefndarfundum í haust kostnaðarstöðu og framgang núverandi framkvæmda, rýmisáætlun og kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir sem eftir eru.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21,30

*Árni Eiríksson*  
*Eypór H. Ólafsson*  
*Bryndís Eir Þorsteinsdóttir*  
*Eggert Valur Guðmundsson*  
*Grímur Jónsson*  
*Sam. Smári Hreggviðsson*  
*Lýður Pálsson*